

29. Fundur bæjarráðs Blönduósþæjar miðvikudaginn 8. júní 2011, kl. 10:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) **Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. maí 2011**
- b) **Sjórn Hafnarsambands Íslands frá 12. maí 2011**

2. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 16. maí 2011

3. Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga v/Skúlabraut 22.

4. Erindi frá SAH afurðum frá 31. maí 2011

5. Bréf frá Umhverfisiráðuneytinu frá 6. júní 2011

6. Barnabær - starfsmannamál

7. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) **Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. maí 2011**

Lögð fram til kynningar

- b) **Sjórn Hafnarsambands Íslands frá 12. maí 2011**

Lögð fram til kynningar

2. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 16. maí 2011

Umhverfisstofnun óskar eftir að niðurstöðu rannsókna á myndun hauggass fyrir urðunarstað Blönduósþæjar í Draugagili verði kynntar sem fyrst.

Bæjarráð felur Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð til að kynna niðurstöur hauggassmælinga fyrir hönd Blönduósþæjar.

3. Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga v/Skúlabraut 22.

Samhlíða yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga um sl. áramót varð breyting á umsýslu þeirra fasteigna ríkissjóðs sem notaðar voru til búsetu og þjónustu við fatlaða. Framkvæmdasjóður fatlaðra var formlega lagður niður en í hans stað stofnaður sérstakur Fasteignasjóður sem heyrir undir Jöfnunarsjóð

sveitarfélaga. Allar fasteignir sem áður voru í eignarumsjón Framkvæmdasjóðsins færðust yfir til hins nýja Fasteignasjóðs.

Samkvæmt ákvæðum í 5. gr. reglugerðar um Fasteignasjóðinn skulu sveitarfélög/þjónustusvæði taka ákvörðun um hvort þau hyggist nýta viðkomandi eignir á árinu 2012 og senda Fasteignasjóði ákvörðun sína, eigi síðar en einum mánuði eftir að þeim berst erindi frá sjóðnum.

Bæjarráð samþykkir að fela Bs. um félags- og skólaþjónustu umsýslu málsins.

4. Erindi frá SAH afurðum frá 31. maí 2011

SAH-Afurðir ehf. sækir um að fá úthlutað lóð undir gámaplan við Hafnarbraut, þar sem núverandi plan er.

Samkvæmt 1. gr. reglna um úthlutun byggingarlóða á Blönduósi er bæjarráði Blönduósbæjar falið það verkefni, í umboði bæjarstjórnar, að sjá um úthlutun byggingarlóða á Blönduósi. Skipulags-, byggingar og veitunefnd annast afgreiðslu umsókna um byggingarrétt og gerir tillögu til bæjarráðs um úthlutun.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags-, byggingar- og veitunefndar.

5. Bréf frá Umhverfissráðuneytinu frá 6. júní 2011

Umhverfissráðuneytið frestar staðfestingu á þeim hluta aðalskipulags Blönduósbæjar 2010-2030 á því svæði þar sem ný veglína hringvegur um svokallaða Húnavallaleið liggur, sbr. 2. og 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að skoða réttarstöðu sveitarfélagsins í samráði við Húnavatnshrepp.

6. Barnabær – starfsmannamál

Með hliðsjón af fjölda umsókna um leikskólavistun fyrir skólaárið 2011-2012 samþykkir bæjarráð aukna fjárheimild til starfsmannahalds að upphæð kr. 2.6 m. kr., sem er kostnaður umfram tekjuaukningu, svo ekki þurfi að skerða þjónustu leikskólans gagnvart íbúum Blönduósbæjar. Starfsmannþörf leikskólans verður endurmetin við gerð fjárhagsáætlunar 2012.

Bæjarráð vísar erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

7. Önnur mál

Umsóknir liggja fyrir um beitarhólf. Bæjarráð samþykkir að fela tæknideild að úthluta lausum beitarhólfum. Beitarhólf sem falla innan skipulags gagnavers skulu hljóða upp á 2 mánaða uppsagnarfrest.

Í fundargerð landbúnaðarnefndar frá 30. maí sl., kemur fram að ekki sé hægt að vinna á þeim grenjum sem eru í sveitarfélaginu samkvæmt þeim fjármunum sem getið er um í fjárhagsáætlun 2011. Bæjarráð samþykkir að veita kr. 100.000 aukafjárveitingu til refa-og minkaveiða árið 2011. Bæjarráð vísar erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar óskar eftir kr. 150.000 aukafjárveitingu vegna kaupa á mottum til að setja yfir hálar flísar. Bæjarráð samþykkir aukafjárveitinguna og vísar málinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 12:55

Kári Kárason (sign.)
Þórdís Hauksdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)